

Landsframleiðsla á 1. ársfjórðungi 2007

Quarterly national accounts, 1st quarter 2007


Samantekt Landsframleiðsla er áætluð sem næst óbreytt á 1. fjórðungi ársins 2007 frá sama fjórðungi árið áður. Á tímabilinu drógust þjóðarútgjöld saman um tæplega 10% þar sem talið er að einkaneysla hafi dregist saman um rösklega 1% og fjárfesting um 28% en að samneysla hafi hins vegar vaxið um ríflega 2%. Þá er talið að útlutningur hafi vaxið um 17% og innflutningur hafi dregist saman um 12%. Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla dróst saman um 0,9% frá 4. ársfjórðungi 2006 til 1. ársfjórðungs 2007 en hélst að heita má óbreytt frá sama tímabili árið áður.

Einkaneysla dregst saman Einkaneysla er talin hafa dregist saman um 1,2% á 1. ársfjórðungi 2007 frá sama tíma árið áður. Þar með lýkur samfelldu vaxtarskeiði einkaneyslunnar sem staðið hefur frá því á 4. ársfjórðungi 2002. Þrátt fyrir að einkaneysla dragist saman þá er raunin sú að flestir liðir hennar vaxa aðrir en bílakaup. Útgjöld Íslendinga erlendis drógust einnig saman en útgjöld erlendra manna hér á landi jukust hins vegar.

Fjárfesting er talin hafa dregist saman um rúm 28% á fyrsta fjórðungi ársins. Samdráttur í fjárfestingu atvinnuveganna var 41% og í fjárfestingu hins opinbera um 7%. Hins vegar var áframhaldandi vöxtur í íbúðarfjárfestingu, eða um 6,6% frá sama fjórðungi fyrra árs.

Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume changes on same quarter in the previous year



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og áætlun fyrir árið 2006 og 2007. *Preliminary figures 2005 and estimated figures 2006 and 2007.*



Aukinn útflutningur en samdráttur í innflutningi


Talið er að þjóðarútgjöld hafi dregist saman um 9,6% á 1. ársfjórðungi frá sama tíma árið áður. Mikill vöxtur varð í útflutningi á vöru og þjónustu á ársfjórðungnum eða 16,9% eftir nokkurn samdrátt á síðasta ári. Þar af óx vöruútflutningur um 23,2% sem má að hálfu rekja til útflutnings á flugvélum. Þess ber þó að geta að sá útflutningur dregst frá fjárfestingu ársins og hefur þannig ekki áhrif á vöxt landsframleiðslunnar. Útflutningur á áli átti einnig verulegan þátt í aukningu útflutnings en hann jókst um tæp 70% á 1. fjórðungi en framleiðsla á áli um 40%.

Veruleg umskipti urðu einnig í innflutningi á vöru og þjónustu en hann dróst saman um 11,9% í fjórðungnum eftir að heita má samfelldan vöxt frá því á árinu 2002.

Aukning útflutnings og samdráttur í innflutningi á 1. ársfjórðungi veldur því að verulega dró úr viðskiptahalla og landsframleiðsla dróst því einungis saman um 0,1% þrátt fyrir 9,6% samdrátt þjóðarútgjalda.

Mynd 2. Landsframleiðsla, keðjutengt verðmæti, viðmiðunarár 2000

Figure 2. GDP, chain-volume measures, reference year 2000



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og áætlun fyrir árið 2006 og 2007. Preliminary figures 2005 and estimated figures 2006 and 2007.

Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla


Árstíðaleiðréttar tölur um landsframleiðslu sýna 0,9% samdrátt frá 4. fjórðungi 2006 til 1. fjórðungs í ár. Þessi samdráttur kemur í kjölfar 1,2% vaxtar á 4. ársfjórðungi 2006 en 0,7% samdráttar á þeim þriðja. Þessar tölur miðast við vöxtinn frá næsta ársfjórðungi á undan en ekki frá sama fjórðungi fyrra árs eins og gert er þegar árstíðaleiðréttingu er ekki beitt.¹ Að teknu tilliti til hinnar óvenju miklu aukningar í landsframleiðslu á 1. ársfjórðungi 2006, sérstaklega í einkaneyslu og fjármunamyndun atvinnuveganna, sýna árstíðaleiðréttar tölur 0,1% vöxt frá því tímabili. Árstíðaleiðréttar tölur yfir einkaneyslu benda til lítills vaxtar á 1. ársfjórðungi (0,4%), eftir smávægilegan samdrátt tvo ársfjórðunga þar á undan (0,1% samdráttur á 4. fjórðungi og 0,8% á þriðja). Árstíðaleiðréttar raðir benda til nokkurs viðsnúnings í útflutningi á 1. ársfjórðungi í ár, eða um 5,1% aukningu frá fyrra ársfjórðungi eftir 0,2% vöxt á 4. ársfjórðungi en 7,4% samdrátt í fjórðungnum þar á undan. Nú sem fyrr koma ekki fram miklir árstíðabundnir þættir í vöruútflutningi, en aftur á móti er töluverð árstíðasveifla í þjónustuútflutningi yfir það

¹ Nánari lýsingu á aðferðum árstíðaleiðréttingar er að finna í heftinu „Hagfíðindi: Ársfjórðungsleg landsframleiðsla, árstíðaleiðrétt“ frá því í apríl 2006; <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=4061>

tímabil sem hér er greint frá. Heildarinnflutningur er talinn hafa dregist saman um 2,8% á 1. ársfjórðungi eftir 1,4% samdrátt á fjórða fjórðungi fyrra árs. Samdráttur varð einnig í þjóðarútgjöldum eða um 2,1% eftir 1% samdrátt ársfjórðunginn á undan.

Mynd 3. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 3. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og áætlun fyrir árið 2006 og 2007. Raunbreytingar frá fyrra ársfjórðungi. Preliminary figures 2005 and estimated figures 2006 and 2007. Change from the previous quarter.

Birgðabreytingar

Undanfarna ársfjórðunga hefur gætt nokkurs misvægis milli breytinga á álframleiðslu og innflutnings á rekstrarvörum til álframleiðslu. Á 1. fjórðungi ársins 2007 var innflutningur rekstrarvöru talsvert minni en nam framleiðslubreytingum og er því reiknað með talsverðum samdrætti rekstrarvörubirgða af þeim sökum.

Ítarleg sundurliðun birt á vefnum

Ítarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á netinu er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti þar sem árið 2000 er viðmiðunarár.

Landsframleiðslan á 2. ársfjórðungi birt í september

Tölur um landsframleiðsluna á 2. ársfjórðungi 2007 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 14. september 2007.

English summary

In real terms the GDP in the 1st quarter of 2007 remained almost unchanged from the same quarter of the previous year. Total domestic expenditure decreased by almost 10% in real terms in the 1st quarter of 2007 compared with the same quarter of 2006. During the period there was a decrease in household final consumption by just over 1% and fixed capital formation by 28%. Government final consumption, on the other hand, increased by 2%. Exports increased by 17% while imports decreased by 12%. Seasonally adjusted series showed a 0.9% downturn in GDP in the 1st quarter of 2007 compared with an almost unchanged GDP from the same quarter of 2006.

Despite a negative growth of the household final consumption, most components showed an increase with the exception of purchases of vehicles which decreased by approximately 40% from the same quarter of previous year.

According to seasonally adjusted figures, there was a 0.4% growth in private consumption in the 1st quarter and a 5.1% increase in total exports and a 2.8% downturn in total imports.

Tafla 1. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2003–2007*Table 1 Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2003–2007*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govvern. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Verðlag hvers árs, milljónir króna								
<i>Million ISK at current prices</i>								
2003	481.837	217.425	167.861	-1.453	865.670	288.552	-314.514	839.708
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	113.250	53.439	38.337	2.261	207.287	70.906	-67.732	210.461
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	120.386	54.074	40.920	-353	215.026	67.861	-78.602	204.285
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	121.419	54.988	44.966	34	221.407	80.326	-87.568	214.165
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	126.782	54.925	43.639	-3.395	221.950	69.460	-80.612	210.797
2004	530.494	230.858	218.330	-918	978.764	316.903	-369.208	926.459
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	123.480	56.555	47.518	3.412	230.965	73.098	-79.477	224.586
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	132.754	57.765	54.491	-1.108	243.901	75.170	-94.661	224.410
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	132.059	58.753	56.603	-3.595	243.820	90.028	-96.896	236.952
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	142.201	57.785	59.718	374	260.078	78.607	-98.174	240.511
2005¹	610.138	250.963	288.532	-862	1.148.771	324.450	-451.710	1.021.511
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	139.566	60.624	59.134	4.068	263.391	72.842	-95.542	240.690
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	156.030	62.631	67.721	-4.904	281.478	88.264	-116.144	253.599
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	152.762	63.961	81.561	2.093	300.378	87.938	-122.460	265.856
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	161.780	63.747	80.116	-2.119	303.524	75.406	-117.565	261.366
2006	686.485	280.689	365.571	13.325	1.346.069	372.188	-576.510	1.141.747
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	160.580	67.736	83.656	3.686	315.657	77.197	-124.476	268.378
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	176.413	70.252	90.284	786	337.734	101.918	-157.535	282.117
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	170.558	71.037	94.425	6.765	342.786	102.940	-152.071	293.654
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	178.933	71.664	97.206	2.089	349.893	90.134	-142.428	297.599
2007
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	171.200	74.238	65.363	-1.605	309.196	109.367	-130.175	288.388

Skýring Note: Fram til 1. ársfjórðungs 2003 ná tölur um birgðabreytingar aðeins til áls og kísiljárns en þá lágu fyrir fyrstu tölur Hagstofunnar um birgðabreytingar í sjávarútvegi og voru þær teknar inn í ársfjórðungstölurnar frá þeim tíma. Birgðabreytingar í sjávarútvegi á árinu 2003 höfðu ekki áhrif á breytingu árstalna. Frá 1. ársfjórðung 2004 hefur Hagstofan tekið inn birgðabreytingar í olíu en fyrir þann tíma lágu þær ekki fyrir. *Up to the first quarter of 2003 changes in inventory only covered changes in aluminium and ferro-silicon. Since then changes in inventory of fish products were also included in quarterly accounts. Changes in inventory of fish products 2003 had no influence on annual figures that year. Since first quarter of 2004 Statistics Iceland has compiled figures for changes in inventory of oil but prior to that no figures were available.*

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Áætlaðar tölur. *Estimated figures.*

Tafla 2. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2003–2007

Table 2. Annual GDP volume growth 2003–2007

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govvern. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in Inventory¹</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
2003	6,2	2,1	12,5	-0,2	6,1	1,6	10,8	2,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,4	3,5	11,9	1,4	8,1	5,9	1,3	9,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,3	3,2	12,9	0,2	6,5	-3,8	10,8	0,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,8	2,4	12,1	-0,3	5,7	4,0	16,4	1,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,1	-0,5	13,0	-1,9	4,3	0,6	13,8	-0,2
2004	6,9	2,0	28,0	0,1	9,8	8,4	14,4	7,6
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,7	2,2	23,6	0,6	9,0	4,9	16,9	4,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,8	2,7	29,7	-0,3	9,9	6,1	13,8	7,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,4	2,4	23,1	-1,8	6,5	10,3	7,5	7,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	8,5	0,5	35,5	1,8	13,9	12,2	20,4	11,0
2005¹	12,9	3,7	34,3	0,0	15,5	7,2	29,3	7,2
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	9,8	2,9	23,2	0,4	11,0	2,1	24,1	3,4
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	15,5	3,8	24,7	-1,8	13,2	21,6	27,3	10,1
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	14,1	3,4	47,6	2,4	22,0	3,4	34,4	9,9
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	11,9	4,8	39,4	-1,0	15,6	2,6	30,6	5,2
2006	4,6	2,9	13,0	1,1	7,4	-5,6	8,8	2,6
1. ársfj. ³ <i>1st quarter³</i>	11,5	3,2	36,3	-0,2	14,8	-0,8	26,8	5,1
2. ársfj. ³ <i>2nd quarter³</i>	5,0	2,5	18,4	2,2	10,0	-7,3	12,8	2,6
3. ársfj. ³ <i>3rd quarter³</i>	1,6	2,9	1,5	1,0	2,6	-7,0	0,4	0,5
4. ársfj. ³ <i>4th quarter³</i>	1,2	2,9	3,4	1,3	3,2	-6,4	-0,6	2,5
2007
1. ársfj. ³ <i>1st quarter³</i>	-1,2	2,2	-28,4	-1,9	-9,6	16,9	-11,9	-0,1

Skýring Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2000. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2000.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

³ Áætlaðar tölur. *Estimated figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2003–2007, árstíðaleiðréttTable 3. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2003–2007*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>						
2003	6,2	2,1	6,1	1,6	10,8	2,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	4,4	3,2	4,6	1,4	3,1	5,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,2	2,1	5,7	-0,4	11,3	1,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	7,2	2,4	7,6	3,8	14,4	5,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,9	0,8	6,5	1,8	14,1	-0,5
2004	6,9	2,0	9,8	8,4	14,4	7,6
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,5	2,1	9,0	7,5	17,3	4,6
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,2	3,1	10,7	7,1	16,0	7,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,2	1,2	7,9	10,7	8,5	7,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	8,6	1,5	11,6	8,2	16,3	10,3
2005¹	12,9	3,7	15,5	7,2	29,3	7,2
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	10,6	3,7	12,4	3,3	23,4	6,6
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	14,0	2,6	13,1	13,4	27,3	9,4
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	14,0	3,7	19,5	6,2	34,1	7,1
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	12,7	4,9	16,9	6,3	32,1	5,6
2006	4,6	2,9	7,4	-5,6	8,8	2,6
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	10,0	2,5	14,1	-3,7	23,7	4,3
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	5,8	3,6	10,8	-2,3	14,5	2,4
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	2,8	2,9	4,4	-9,7	3,6	1,1
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	0,4	2,4	1,0	-6,4	-3,4	2,6
2007
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	-0,2	2,0	-3,2	3,6	-8,1	0,1

Skýring Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*² Áætlaðar tölur. *Estimated figures.*

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2003–2007, árstíðaleiðréttTable 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2003–2007*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govnm. final consumption</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, % <i>Percentage change on the previous quarter</i>						
2003						
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,0	-0,5	1,5	4,0	0,1	1,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,4	0,2	1,1	-4,4	4,7	-3,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,2	1,6	2,7	3,5	8,6	3,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,2	-0,5	1,1	-1,1	0,3	-1,2
2004						
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,6	0,7	3,9	9,8	2,8	6,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,0	1,1	2,7	-4,7	3,6	-0,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,2	-0,2	0,0	7,0	1,6	2,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,5	-0,1	4,5	-3,3	7,5	1,2
2005¹						
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	3,5	2,9	4,7	4,8	9,1	2,7
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	4,2	0,1	3,3	4,6	6,9	2,4
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	2,1	0,7	5,7	0,2	7,0	0,6
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	2,4	1,1	2,3	-3,2	5,8	-0,2
2006						
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	1,0	0,6	2,2	-5,1	2,1	1,5
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	0,2	1,1	0,3	6,2	-1,0	0,5
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	-0,8	0,1	-0,5	-7,4	-3,1	-0,7
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	-0,1	0,6	-1,0	0,2	-1,4	1,2
2007						
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	0,4	0,2	-2,1	5,1	-2,8	-0,9

Skýring *Note:* Sjá töflu 1. *Cf. table 1.*¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*² Áætlaðar tölur. *Estimated figures.*

Hagtiðindi Þjóðhagsreikningar

Statistical Series *National Accounts*

92. árgangur nr. 43

2007:6

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)Verð ISK 500 *Price EUR 7*Umsjón *Supervision* Stefán Þór Jansen - • stefan.jansen@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík *Iceland*Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series